



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Fréttatilkynning
30. júní 2025

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Þriðji ársfjórðungur 2025

- Á þriðja ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir **30-40** ma.kr. að söluvirði.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og mun stærð þeirra og markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.
- Á fjórðungnum er fyrirhugað að gefa út í verðtryggða flokknum RIKS 29 0917 og er stefnt að viðskiptavakt með flokkinn.
- Möguleiki er á skiptiútboðum á RIKS 26 0216 á fjórðungnum.

Útgáfa á árinu

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2025 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 180 ma.kr. að söluvirði á árinu¹, og að hluta útgáfunnar væri ætlað að mæta gjalddaga RIKS 26 0216 í febrúar 2026. Útgáfa á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 116 ma.kr. að söluvirði, ef undan er skilin útgáfa í tengslum við uppgjör ÍL-sjóðs.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á þriðja ársfjórðungi er áætluð á bilinu **30-40** ma.kr. Í ársáætlun fyrir árið 2025 var tilkynnt að gefinn yrði út nýr verðtryggður flokkur með gjalddaga 2029 og að stefnt yrði að viðskiptavakt með flokkinn. Í tengslum við uppgjör ÍL-sjóðs var flokkurinn RIKS 29 0917 gefinn út og er frekari útgáfa í flokknum fyrirhuguð á ársfjórðungnum.

Skiptiútboð

Möguleiki er á skiptiútboðum á RIKS 26 0216 á fjórðungnum þar sem eigendum bréfanna verður boðið að skipta yfir í aðra flokka ríkisbréfa. Ávöxtunarkjör og aðstæður á markaði munu ráða því hvaða flokkar verða boðnir út í skiptiútboðunum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

¹ Við útreikning á söluvirði er notað hreint verð (clean price) að viðbættum áföllnum verðbótum, þ.e. söluvirðið er metið án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvígla

Sveigjanleiki í víglaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útbóðum á ríkisvígslum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvígla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útbóð.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Lánamála ríkisins í síma 569 9994. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið lanamal@lanamal.is.